

# Uppsetning innihurða


## Leiðbeiningar um uppsetningu og frágang á ringo innihurðum

Það er ótrúlega **auðvelt að koma ringo hurðunum fyrir**. Það þarf hvorki að skrúfa karminn í vegginn né negla. Þó ber að minna á að til að tryggja bestan frágang gæti verið rétt að leita til fagmanna.

## Verkfæri og áhöld


Verkfæri og áhöld við uppsetningu ringo innihurða

- Málband
- Hallamál
- Hvítt trélím
- Tréfløygar
- Stífur (amk. þrjár)
- Stjörnuskrúfjárn
- Sexkantykil (4 mm)
- Hamar
- Festifrauð



### 1. Veggmál og opnun

Berið merkingar á umbúðunum saman við veggmál og opnun, þ.e. vinstri eða hægri.



### 2. Karmur settur saman

Berið trélím á samsetningarflatina og sláið spennurnar í raufirnar.



### 3. Karmur settur í dyrnar

Stillið karminn af í dyrunum og notið fløyga til að skorða hann (2 fløyga að ofan og 3 á hvora hlið). Setjið stífur á móti hliðarfleygunum.



### 4. Karmurinn festur

Sprautið festifrauði milli karms og veggjar á mótis við stífur. Fylgið í öllu leiðbeiningum á frauðbrúsanum.



### 5. Hurðarfaldur festur í karminn

Þegar frauðið er þornað er gereftinu einfaldlega rennt í raufina.



### 6. Lamir settar í karminn

Setjið lamirnar í lamastykkið á innanverðum karminum og látið þær standa um 2 mm út úr karminum. Festið þær með sexkanti í gegnum götin á hlið karmsins.



### 7. Að lokum

Festið hurðina á karminn og fjarlægjið stífurnar.

## Leiðbeiningar um uppsetningu á EI-CS30 og EI-CS60 hurðum

### Leiðbeiningar um uppsetningu og frágang á ringo EI-CS30 hurðum

1. Losið úr lamir sem fyrir eru í hliðarstykki og setjið meðfylgjandi EI-CS30 lamir og skrúfur (5 stk.pr/löm).
2. Skrúfið slúttjárn úr hliðarstykki og skrúfið meðfylgjandi slúttjárn í hliðarstykkið með sömu skrúfum.
3. Berið trélím á alla samsetningarfleti karmsins. Setjið topp- og hliðarstykki karms saman með þar tilgerðum smellum og hjámiðjuklemmum; nánari skýringar fylgja með karmi.
4. Setjið karminn í hurðargatið og stillið af með tréfløygu, notið þröskuld sem mát til þess að halda réttu bili að neðan, stillið lóðrétt og lárétt. Nauðsynlegt er að stilla karminn vel af í lóð til þess að hurðin leggst vel í þéttlistana og góð reykþétting náist.
5. Leggið meðfylgjandi mátborða við lamagat karmsins og borið með 20 mm bor í gegnum gereftið. Festið nú lömina í vegginn með 10 x 110 mm járnhulsbolta 2 stk. í hvora löm (ekki má nota skrúfur með plasttappa), lokið gatinu með tappa.

6. Karminn skal skrúfa í hurðargatið með minnst 4 stk. járnhulsboltum (sama stærð) í hvort hliðarstykki.
7. Harðpakka skal með steinull milli veggjar og karms.
8. Berið trélím á samsetningarfleti gerefta og setjið saman með hjámiðjuklemmum.
9. Rennið síðan gereftinu í raufina.
10. Skrúfið lamirnar á hurðina með 4,0 x 50 mm skrúfum og hengið hana á karminn; kannið vel hvernig hurðin leggst í þéttlistana og stillið af.
11. Þröskuld skal svo líma niður með þiljugripi.
12. Límið meðfylgjandi EI-CS30 viðurkenningarmerki í hurðafals.

